

30. JÚNÍ 2014

FJÁRMÁLAFRÆÐSLA

Í GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLUM

STÝRIHÓPUR UM FJÁRMÁLALÆSI

SKIPADUR AF MENNTAMÁLARÁÐHERRA
þann 9. júní 2011

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur.....	4
2 Tillögur	5
3 Tilraunaskólar og tilraunakennsla 2012-2014	7
4 Lokaorð.....	15
Viðauki I Vinnustofa með framhaldsskólakennurum í viðskipta og hagfræðigreinum.....	16
Viðauki II Vinnustofa með grunn-og framhaldsskólakennurum, nemendum og framlínufólki í Fjármálageiranum.....	19
Viðauki III Vinnufundur með kennurum.....	36
Viðauki IV Áfangamarkmið fyrir áfanga í fjármála- og efnhagslæsi.....	40
Viðauki V Skýrsla um könnun í fjármálalæsi í grunn og framhaldsskólum.....	42

Fjármálafræðsla

í grunn-og framhaldsskólum

1 INNGANGUR

Skipaður var stýrihópur vegna þriggja ára tilraunaverkefnis til að efla fjármálafræðslu í grunn- og framhaldsskólum í júnímánuði árið 2011.

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir í hópinn: Hafdís Finnbogadóttir, tilnefnd af Námsgagnastofnun, Halldóra Traustadóttir, tilnefnd af Samtökum fjármálafyrirtækja, Halldór Jörgensson, tilnefndur af Heimili og skóla, Mjöll Matthíasdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands, Ómar Örn Magnússon, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir, tilnefnd af Neytendasamtökunum, Sölvi Sveinsson formaður, tilnefndur af ráðherra, og Þórey Þórðardóttir, tilnefnd af Landssamtökum lífeyrissjóða. Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir framhaldsskólakennari og fulltrúi Neytendasamtakanna var ráðin verkefnisstjóri síðla árs 2011 og tók þá sæti hennar í stýrihópnum Þuríður Hjartardóttir frá Neytendasamtökunum. Sigurður Albert Ármannsson frá Samtökum lífeyrissjóða tók sæti Þóreyjar Þórðardóttur um skeið. Halldór Jörgensson frá Heimili og skóla vann einungis fyrstu mánuðina með hópnum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fulltrúi Samtaka atvinnulífsins kom til liðs við hópinn undir árslok 2013.

Á starfstímanum voru haldnir 25 formlegir fundir í stýrihópnum, auk funda einstakra meðlima með ýmsum aðilum. Fundað var með kennurum, starfsmönnum fjármálafyrirtækja, nemendum o.fl. Ýmsir komu á fund nefndarinnar, einkum þeir sem kynntu vænlegt kennsluefni. Hópurinn réð Stofnun um fjármálalæsi til þess að kanna þekkingu nemenda fyrir og eftir kennslu auk þess sem könnunin var lögð fyrir samanburðarskóla. Tvö endurmenntunarnámskeið voru haldin fyrir kennara þeirra skóla sem tóku þátt í tilraunaverkefninu um fjármálalæsi. Þá voru einnig vinnustofur í Reykjavík og á Akureyri með fjármálafólki og kennurum sem fjölluðu um hvar skórinn kreppir í fjármálafræðslu auk þess var haldin vinnustofa í Reykjavík með nemendum. Þá reyndi hópurinn að átta sig á hvaða námsefni er til og hvernig það er höndlað í skólakerfinu (bls.10). Verkefnið hefur leitt í ljós að það er undir hælinn lagt hvernig kennslu í fjármálalæsi er háttað í skólunum og greina má misræmi í kennslu og kennsluháttum. Fram kemur í könnun sem Stofnun um fjármálalæsi gerði fyrir stýrihópinn að nemendur hafa meiri áhuga fyrir aukinni fjármálafræðslu en kennarar gera. Í ljós hefur komið að erfitt er að koma þessari fræðslu að í skólastarfinu á skilvirkan og markvissan hátt. Mikilvægt er að kveða fastar að í aðalnámskrá um fjármálafræðsluna. Þá þurfa jafnframt að vera til staðar skýr hæfniviðmið á grunn- og framhalds-skólastigi og efla þarf menntun kennara á þessu sviði.

Með hliðsjón af tilraunaverkefninu og niðurstöðum vinnustofanna er lagt til að gripið verði til aðgerða til þess að tryggja að kennsla um fjármál verði viðunandi og í nokkru samræmi milli skóla alls staðar á landinu.

2 TILLÖGUR

1. Fjármálafræðslu verði fundinn staður í nýrri námskrá fyrir grunnskóla. Hópurinn telur afar brýnt að festa komist á fjármálafræðsluna og það verði best gert með því að setja henni skýr og mælanleg hæfniviðmið þannig að ljóst sé hvað nemendur eigi að kunna og geta þegar námi lýkur, annars vegar í grunnskóla, hins vegar í framhaldsskóla. Meðfylgjandi eru slík viðmið fyrir grunnskóla sem við mælumst til að ráðuneytið gefi fullt vægi í leiðsögn um það námsmat sem nemendur fá í lok grunnskóla.

Nemandi sem lýkur grunnskóla á að:

Vita hvað felst í hugtökum eins og innlán, útlán, sparnaður, vextir, geta reiknað vexti af höfuðstól og kunna skil á mikilvægi tíma við ávöxtun.

Geta lesið launaseðil og áttað sig á þeim upplýsingum sem þar koma fram, s.s. persónuafslætti, lífeyrisgreiðslum, aðild að stéttarfélagi og gjöldum til þess.

Vera fær um að rýna í auglýsingar með gagnrýnum hætti og greina milli staðreynda og áróðurs. Að skilja hvernig neysluvarningur verður til og hvað felst í að vera meðvitaður neytandi.

Vera fær um að meta sinn eigin lífsstíl og neyslu og vera meðvitaður um hverju það breytir fyrir afkomu og líðan

2. Þorri íslenskra unglinga stundar nám í framhaldsskóla að minnsta kosti tvö ár og flestir lengur. Brýnt er að nemendur hafi grundvallarþekkingu um fjármál einstaklinga og færni. Þeir eiga að geta annast og axlað ábyrgð á eigin fjármálum og framtíðar fjölskyldu sinnar og að skilja samhengið milli einkaneyslu og efnahags samfélagsins. Hópurinn leggur til að tekinn verði upp sérstakur áfangi um fjármál þar sem eftirfarandi hæfniviðmið ráði ferðinni.

Nemandi sem hefur lokið tveggja ára námi eða lengra í framhaldsskóla á að:

Skilja mikilvægi þess að hafa yfirsýn yfir eigin fjármál.

Geta sett upp fjárhagsáætlun og fært bókhald yfir fjármál sín.

Þekkja helstu innlána- og útlánakosti og mismunandi tegundir greiðslukorta.

Þekkja mismunandi gerðir lánasamninga, ÁHK og áhrifaþátta eins og stýrivexti, gengi og verðbólgu.

Þekkja lífeyrismál, mun á sameignar- og séreignasparnaði og áttað sig á hvað tími skiptir miklu máli í sparnaði.

Geta áttað sig á helstu kostum í húsnæðismálum.

Skilja samhengið milli þjóðarhags og einkaneyslu.

Áttað sig á mikilvægi virkar samkeppni á markaði, verðvitundar og geta gert samanburð á verði og gæðum á vörum og þjónustu.

Þekkja hvaða úrræði standa til boða við fjárhagsvanda og afleiðingar.

Með þessi hæfniviðmið að leiðarljósi hefur verið gerð þriggja eininga áfangalýsing fyrir sérstakan fjármálaáfangna í fjármálalæsi í framhaldsskóla (sjá viðauka IV).

3. Lagt er til að ráðuneytið semji við tiltekna grunn- og framhaldsskóla um að hrinda þssum tillögum í framkvæmd í tilraunaskyni og útvegi til þess fé.
4. Brýnt er að efla menntun kennara til þess að þeir geti kennt um fjármál eins og lagt er til hér að ofan. Í því skyni þarf a) að bjóða upp á ríkulega endurmenntun fyrir starfandi kennara, og b) skipuleggja námskeið í kennslu um fjármál í grunnnámi kennara c) ýta undir samstarf fjármálafyrirtækja og skóla til að auka þekkingu í fjármálalæsi.
5. Íslendingar taka þátt í PISA samstarfi. Hópurinn leggur til að fjármálakafli PISA prófanna verði framvegis lagður fyrir íslensk ungmenni jafnhliða öðrum þáttum prófanna

Tryggja þarf að jafnan sé í boði metnaðarfullt námsefni sem kallist á við væntingar ungmenna og endurspegli raunverulegt umhverfi þeirra. Ef ofangreind hæfniviðmið verða bundin í reglugerðir er þess að vænta að útgefendur sjái sér hag í að uppfæra námsefni í samræmi við breytingar á umhverfi, lögum, neysluháttum og tilboðum fjármálastofnana.

3 TILRAUNASKÓLAR OG TILRAUNAKENNSLA 2012-2014

Verkefnastjóri stýrihópsins Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir var tengiliður tilraunarskólanna sem tóku að sér að kenna fjármálafræðslu sem tilraunakennsla á tímabilinu 2012-2014. Eftirfarandi greinagerð hennar lýsir verkefninu og niðurstöðu í lokaorðum.

Haustið 2012 hófst tilraunakennsla í fjármálalæsi í sex skólum á landinu : Mela- og Hagaskóla í Reykjavík, Hafralækjar- og Litlu-Laugaskóla í Suður-Þingeyjarsýslu, Menntaskólanum á Akureyri og Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Í upphafi tilraunakennslunnar var haldin kynning og námskeið í fjármálalæsi fyrir kennara tilraunaskólanna.

Í upphafi árs 2013 var boðað til fjölmiðlafundar í Hagaskóla þar sem Katrín Jakobsdóttir, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra og Höskuldur Ólafsson, formaður Samtaka fjármálafyrirtækja undirrituðu samning um átak og aðgerðir til að efla fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskólum landsins.

Stýrihópurinn ákvað að fjölga skólum á skólaárinu 2013 -2014 í tilraunaverkefninu og var auglýst eftir áhugasömum skólum til þátttöku. Auglýsingin vakti athygli því mikið var spurst fyrir um verkefnið og fram kom í samskiptum við þá sem spurðust fyrir að þörf væri á að koma fjármálalæsi betur og skilvirkar að í kennslu bæði á grunn- og framhaldsskólastigi . Þeir skólar sem bættust við eru: Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn við Sund, Flensborgarskóli, Fjölbrautarskóli Suðurnesja, Tækniskólinn, Grunnskóli Snæfellsbæjar, Grunnskólinn í Grindavík, Rimaskóli og Lágafellsskóli. Haldin var kynning og námskeið fyrir þá skóla sem bættust við.

Grunnskólinn í Grindavík hætti þátttöku þar sem ekki var hægt að sinna þessu verkefni nægilega að mati skólans.

Skólastjórnendur fengu senda ítarlega lýsingu á tilraunaverkefninu í fjármálalæsi til að setja á heimasíður skólanna.

Allir þátttakendur fengu greinargóða lýsingu á verkefninu og hlutverki tilraunakennara.

Eftirfarandi var sent öllum þátttakendum:

Verkefnið miðast við að tilraunaskólinn taki að sér að skipuleggja kennslu í fjármálalæsi sem miðast við aldur og þroska nemenda. Lágmark er að þrír kennarar komi að kennslunni í skólanum og gefa þarf þeim svigrúm til að bera saman bækur og skila niðurstöðum, hugmyndum og verkefnum inn á sameiginlega fésbókarsíðu. Skólastjóri ber ábyrgð á að verkinu sé sinnt.

Hlutverk tilraunakennara er eftirfarandi:

- ☐ Að gera nemendum ljóst mikilvægi þess að vera læs á fjármál sín og að vera ábyrgur neytandi
- ☐ .Að velja námsefni við hæfi nemenda og þróa og útbúa verkefni sem efla vitund nemenda um fjármál.
- ☐ Að leggja mat á kennsluaðferðir og þróa þær.
- ☐ Að skýra helstu hugtök um fjármál og neytendavitund í samræmi við aldur og þroska nemenda.
- ☐ Að gera reglulega grein fyrir framvindu kennslunnar á sameiginlegri fésbókarsíðu, miðla þar reynslu sinni og leggja dóm á námsefni og kennsluaðferðir.
- ☐ Að mæta á fund tilraunakennara til þess að samræma starf og meta árangur.
- ☐ Að vera útgefendum, Námsgagnastofnun og forlögum, til ráðuneytis um námsefni.

Til að auka og efla samskipti kennara tilraunaskólanna var notast við Moodle fjarnámskerfi framhaldsskólanna í gegnum Fjölbrautarskólann við Ármúla. Það kerfi virkaði ekki sem samskiptasíða og því voru aðrir möguleikar kannaðir sem taldir væru vænlegri til árangurs. Ákveðið var að stofna lokaða facebooksíðu fyrir kennara en sá samskiptamáti hefur reynst vel í hefðbundnum kennslugreinum í kennarasamfélaginu. Facebooksíðan hefur verið virk frá haustinu 2013 en markmið hennar er að skapa vettvang þar sem kennarar geta skipst á hugmyndum, verkefnum og rætt mismunandi kennsluaðferðir sem að gagni geta komið.

Könnun á fjármálalæsi nemenda

Bundnar eru miklar vonir um að tilraunakennslan leiði í ljós hvar og hvernig þessari fræðslu verði best fyrirkomid í náminu þannig að tryggt sé að allir nemendur fái notið hennar í framtíðinni. Stýrihópurinn taldi því mikilvægt að geta metið árangur tilraunaverkefnisins með því að leggja fyrir nemendur könnun á fjármálalæsi þeirra og var samið við Breka Karlsson um að annast það. Lögð var fyrir könnun í völdum grunn- og framhaldsskólum í upphafi kennslunnar haustið 2013 og síðan verður lögð fyrir aftur könnun í lok kennslunnar vorið 2014 í sömu tilraunaskólum og öðrum skólum sem ekki taka þátt í verkefninu til viðmiðunar.

Könnunin fer fram á netinu þar sem lagðar eru fyrir 50 spurningar sem ekki verða persónugreinanlegar. Megináherslan er að kanna hvort og hvernig fjármálalæsiskennda hefur áhrif á fjármálalæsi nemenda. Mæld er þekking, hæfni, hegðun og viðhorf í fjármálum og hvort breyting verður á milli kannana.

Niðurstöður þessara kannana er mikilvægur liður við stefnumótun og aðgerðir í málefnum er varða kennslu í fjármálalæsi og verður grunnur að því að bæta fjármálalæsi og fjármálalæsiskennda til framtíðar.

Vinnustofur

Í upphafi ársins 2013 var haldin vinnustofa í Reykjavík á vegum SFF og stýrihóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins um fjármálalæsi. Markmið vinnustofunnar var að komast að því hvað þarf að gera til að bæta fjármálalæsi á Íslandi. Til fundarins voru boðaðir kennarar í tilraunaskólunum í Reykjavík og framlínufólk í fjármálageiranum. Halldóra Traustadóttir fulltrúi í stýrihópnum stýrði vinnustofunni. Í tengslum við þessa vinnustofu kom fram hugmynd frá Guðjóni Rúnarssyni framkvæmdastjóra SFF að koma á samskonar vinnustofu með nemendum sem síðan var haldin um miðjan apríl 2013. Þátttakendur í þeirri vinnustofu voru nemendur úr Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Menntaskólanum við Sund og Hagaskóla.

Næsta vinnustofa var haldin á Akureyri um miðjan maí með Hafralækjar- og Litlulaugaskóla í Suður-Þingeyjarsýslu og Menntaskólanum á Akureyri ásamt fjármálafólki. Verkefnisstjóri stýrihópsins hafði umsjón með þeirri vinnustofu.

Í lok hvernar vinnustofu voru niðurstöður dregnar saman og sendar þátttakendum og stýrihópnum. Halldóra Traustadóttir gerði skýrslu um vinnustofurnar sem ber heitið: Hvað þarf að gera til að bæta fjármálalæsi á Íslandi. (sjá meðfylgjandi skýrslu)

Í vinnustofu með nemendum og fjármálafólki var spurt m.a. hvað hægt er að gera í kennslu fjármálalæsis til að koma í veg fyrir fjárhagsleg vandamál hjá ungu fólki.

Niðurstöður eru eftirfarandi:

- ☐ Gera fjármálalæsi að skyldunámsgrein
- ☐ Nýjar og spennandi kennsluaðferðir m.a. gagnvirkir nám
- ☐ Skemmtilegt og raunverulegt námsefni sem nemendur tengja sig við
- ☐ Fjármálakennsla hluti af aðalnámskrá
- ☐ Kenna fjármálhugtök
- ☐ Kenna vandamál tengd fjármálum
- ☐ Kenna að fara með peninga og spara
- ☐ Kenna um sparnað og hvetja til að spara fyrir hlutum
- ☐ Móta heilbrigt viðhorf til peninga hjá ungu fólki

Í vinnustofu með kennurum og fjármálafólki var álíka niðurstaða.

- ☐ Tryggja í námskrá að fjármálalæsi verði skyldunámsgrein á öllum skólastigum
- ☐ Efla kennslu sem styrkir gagnrýna hugsun, sjálfsskoðun og siðfræði
- ☐ Byrja fyrr fræðslu um fjármál
- ☐ Nota raundæmi úr daglegu lífi nemenda
- ☐ Heildstætt námsefni og sérmenntun kennara í fjármálalæsi
- ☐ Kenna nemendum að setja sér markmið í fjármálum og gera áætlanir t.d. um sparnað
- ☐ Áhersla á bókhald og áætlanagerð

Félag viðskipta- og hagfræðikennara hélt vinnustofu fyrir sína félagsmenn með þátttöku fulltrúa úr stýrihópnum og verkefnisstjóra þar sem meðal annars kom skýrt fram að nauðsýlegt er að hafa sérstakan skylduáfang í fjármála- og efnahagslæsi fyrir framhaldsskólanema svo tryggt sé að allir nemendur fái þessa fræðslu. Sjá viðauka

Ný aðalnámskrá

Stýrihópurinn skoðaði drög að nýrri aðalnámskrá og gerði við hana athugasemdir en að mati hópsins var of lítil áhersla á fjármálalæsi og auk þess sem talið var að það þyrfti að festa það betur í sessi í námskránni. Nokkrar breytingar voru gerðar í kjölfarið og aðeins bætt við í lokaútgáfu greinahluta aðalnámskrár vorið 2013. Ekki er gert ráð fyrir að fjármálalæsi sé kennt sem sérstakt fag heldur sem hluti af námsefni í öðrum greinum.

Mjöll Matthíasdóttir fulltrúi KÍ í stýrihópnum var falið að fara sérstaklega yfir námskrána og koma með tillögur til úrbóta og athugasemdir.

Áður en athugasemdarferlinu á aðalnámskránni lauk og sýnt var að ekki yrði að fullu tekið tillit til athugasemda stýrihópsins var Katrínu Jakobsdóttur, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra ásamt þeim Björgu Pétursdóttur og Guðna Olgeirssyni sendar athugasemdirnar aftur til ítrekunar.

Námskeið og fundir með kennurum

Í upphafi tilraunakennslunnar haustið 2012 var haldin kynning og námskeið fyrir kennara í fjármálalæsi. Kennarar námskeiðsins voru Þór Clausen fjármálsérfræðingur og Guðrún Geirsdóttir lektor á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Markmið námskeiðsins var að efla og styrkja kennara enn frekar í

kennslu fjármálalæsis þar sem m.a. var farið yfir helstu þætti sem teknir eru fyrir í fjármálakennslu og kennsluaðferðir. Að námskeiði loknu fór fram mat á námskeiðinu.

Ári síðar þegar fleiri skólar bættust við í tilraunaverkefninu var haldið samskonar námskeið fyrir kennara þeirra skóla. Við undirbúning þess námskeiðs var tekið mið af matsniðurstöðum fyrra námskeiðsins og reynt að bæta og breyta áherslum í takt við þær athugasemdir og ábendingar sem fram komu.

Námshagkerfið var haldið á milli ára sýningu á námsefni í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og býður upp á fræðslufundi um nýtt efni. Tilraunverkefnið í fjármálalæsi var kynnt á þessari sýningu haustið 2013 á fjölmönnum fræðslufundi af verkefnisstjóra Ragnhildi Björgu Guðjónsdóttur.

SFF dagurinn á vegum Samtaka fjármálafyrirtækja var haldinn í byrjun desember 2013 og var dagurinn tileinkaður fjármálafræðslu þar sem farið var yfir stöðu fjármálafræðslu almennt hér á landi.

Stýrihópurinn tilnefndi tvo fulltrúa í pallborð á ráðstefnunni, Mjöll Matthíasdóttur grunnskólakennara og Petru Bragadóttur framhaldsskólakennara, sem báðar eru í hópi tilraunakennara.

Flötur samtök stærðfræðikennara heldur árlega dag stærðfræðinnar og var viðfangsefnið í ár (2014) fjármálastærðfræði og fjármálalæsi.

Flíf- Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum hefur ákveðið í samráði við stýrihópinn að efna til endurmenntunarnámskeiðs í fjármálalæsi fyrir kennara sumarið 2014. Námskeiðið hefur þegar verið auglýst og stefnir í góða þátttöku.

Boðað var til fundar í janúar 2014 með kennurum tilraunaskólanna í fjármálalæsi til þess m.a. að fara yfir helstu þætti verkefnisins. Fundinn setti Sölvi Sveinsson formaður stýrihóps í fjármálalæsi. Petra Bragadóttir framhaldsskólakennari í viðskipta- og hagfræðigreinum hélt erindi um kennslu í fjármálalæsi. Kennarar tóku þátt í hópavinnu þar sem fjallað var um eftirtalin atriði:

Kennsluefni: Hvaða kennsluefni er til staðar og hverjir eru helstu kostir þess og gallar? Hvaða kennsluefni og verkefni vantar helst? Á hvaða formi væri skynsamlegt að gefa út nýtt efni? Hvaða kennsluaðferðir hafa verið notaðar hingað til í fjármálakennslunni? Ef þú mættir velja einhver þrjú atriði, tengd kennslu í fjármálalæsi, sem þér finnst helst vanta hvað varðar námsefni / verkefni hvaða þrjú atriði myndir þú nefna?

Kennsluaðferðir: Hvaða kennsluaðferðir eru vænlegastar til að glæða áhuga nemenda og ná árangri? Hvaða atriði eru nemendur áhugasamastir um? Hvaða þættir fjármálalæsis reynast nemendum örðugastir? Í hvaða námsgreinum er fjármálalæsi kennt? Hversu margar kennslustundir fara í kennslu í fjármálalæsi á námstímabilinu? Eru tilraunakennarar í samstarfi við aðra kennara innan skólans hvað varðar fjármálalæsiskenntöku? Er kennsla í fjármálalæsi fléttuð við aðrar námsgreinar t.d. heimilisfræði, stærðfræði, þematengd eða er gert ráð fyrir þessari kennslu sértaklega á stundatöflu?

Símenntun og samvinna: Hvaða hugmyndir hafa kennarar til að virkja og efla enn frekar facebook-síðu tilraunakennslunnar: Kennum fjármálalæsi? Hvernig er best að glæða áhuga skólasamfélagsins á fjármálakennslu? Hvernig getum við aukið samvinnu kennara bæði innan skóla og við aðra skóla? Er þörf á símenntunarnámskeiði fyrir kennara?

Sjá má svör við ofangreindum spurningum í viðauka III.

Námsefni og kennsla

Fjármálalæsi er tekið fyrir með mismunandi hætti í skólunum sem taka þátt í tilraunakennslunni.

Í yngri bekkjum grunnskólans er fjármálalæsi tekið fyrir í nokkrum námsgreinum eins og lífsleikni, stærðfræði, samfélagsfræði, heimilisfræði og íslensku.

Í efri bekkjum grunnskólans fer fjármálafræðsla helst fram í lífsleikni, stærðfræði, og sérstökum fjármálaáföngum sem er þá valgrein.

Í framhaldsskólum er fjármálafræðsla tekin fyrir í lífsleikni, að hluta til í hagfræði og sérstökum fjármálaáföngum á framhaldsskólabraut og auk þess í fjarnámsáfangi í lífsleikni 103 í Fjölbrautaskólanum við Ármúla en það er eini skólinn sem kennir lífsleikni í fjarnámi.

Kennsluaðferðir sem stuðst hefur verið við bæði í grunn- og framhaldsskólum eru margvíslegar og ber einkum að nefna nám í gegnum leik, uppgötvunarnám, samvinnunám og námið fléttað inn í aðrar námsgreinar.

Komið hefur fram í samtölum við kennara í framhaldsskólum að almennt sé tíminn of knappur til að sinna kennslu í fjármálalæsi með skilvirkum hætti og úr því þurfi að bæta í nánustu framtíð svo hægt verði að ná settum markmiðum með kennslunni. Þá hefur komið fram bæði hjá grunn- og framhaldsskólakennurum að tryggja þurfi með skýrum hætti í námskrá kennslu í fjármálalæsi annars sé hætt við að kennslan verði ómarkviss og tilviljanakennd í skólum. Í framhaldsskólunum kom fram að fjármálalæsi þurfi að vera sjálfstæð kennslugrein ef kennslan á að skila tilætluðum árangri. Almennt kemur fram hjá kennurum að þarft og gagnlegt sé að fá reglulega endurmenntunarnámskeið til að styrkja þá í kennslunni.

Þingeyrarskóli

Samkennsla í 3. og 4. bekk.

Í vetur hefur þar allt verið vel nýtt sem snýr að peningum í stærðfræðinámsefninu Sproti. Þar hefur einnig verið notað verkefni úr Hugmyndabanka um kennslupeninga frá Námsgagnastofnun. Að auki hefur verið unnið með ýmis hugtök tengd peningum og fjármálum með aðferðum byrjendalæsis og "orð af orði".

Fjármálalæsi í 7. og 9. bekk: Bókin Hvað kosta ég notuð. Farið í gjaldmiðla, almennan kostnað, þarfapíramídann, rekstur heimilis, laun, skatta, vexti, verðbætur, verðbólga, lán og smálán. Notað var spil sem pantað var frá Ravensburg sem heitir Kuh hadal þar sem kennari stjórnaði uppboðum á dýrum en nemendur keppast við að eignast stæður þetta hefur orðið kveikja að umræðum um verðmæti hluta, raunverleg verðmæti o.fl.

Melaskóli

Þar var nýtt stærðfræðiefni til að kenna fjármálalæsi, farið í búðarleiki þar sem kennt var á peninga, í samfélagsfræðinni farið í kostnaðarvitund, viðhorf og gildismat. Nýttar sögur eins og Húsamús, hagamús.

Hagaskóli

Valgrein í fjármálalæsi tveir tímar á viku.

Námsgögn: Auraráð- verkefnablöð-internetið-Hvað kosta ég?

Unnið með eftirfarandi þætti:

Sambýlingar: húsaleiga, húsaleigusamningur, matarkostnaður, sími, internet, hiti og rafmagn, dægrastytting, innkoma.

Smálán: Kostnaður, útreikningar, skilmálar.

Hvað kosta ég.

Málþing-hópavinna.

Lán: Verðtryggð óverðtryggð, myntkórflán.

Sparnaður: Hópavinna-kynning, reglubundinn sparnaður, reiknivélar.

Laun og launatöflur.

Félagsgjöld, Persónuafsláttur.

Lífeyrissjóðir.

Tilgangur, lífeyrisgreiðslur, lífeyrslán, viðbótarlífeyrissparnaður.

Fjáröflun.

Nemendur vinna í hópum tveir til þrír fá 2000 krónur í start og þurfa að finna sér einhverja fjáröflun sem tekur eina viku t.d. slá garða, viðra hunda, þvo bíla, passa börn.

Fjárhagsáætlun, tekjur, vinnuframlag, afföll.

Skattskýrsla.

Farið í gegnum flesta liði skýrslunnar og algengustu fylgiskjöl.

Ferilskrá: Sækja um vinnu fyrir ímyndaðan einstakling, sækja um vinnu á netinu. Nemendur búa til eigin ferilskrá.

Heimilisbókhald.

Einföld uppsetning á heimilisbókhaldi.

Tekjur, útgjöld og kvittanir.

Fjölbrautarskólinn við Ármúla

Dagskóli

Lkn 103 haust- og vorönn í tvær kennsluvikur samtals 8 kennslustundir

Útskýrð hugtök eins og vextir og verðtrygging með hjálp góðra youtube myndbanda sem eru til á íslensku. Þar er þetta útskýrt í stuttu og skýru máli. Unnin hópverkefni sem gengur út á að láta þau gera fjárhagsáætlun fyrir ímyndaðan einstakling. Þau þurfa m.a. að rökstyðja/réttlæta í hvað hann eyddi peningunum og þau þurfa að leita að upplýsingum um hvað ýmislegt kostar. Þau útbúa Power Point show og kynna niðurstöðurnar fyrir hinum í hópnum. Matið felst í því hvernig þeim tekst að setja upp Power Point skjalið og rökstyðja hvernig peningunum var eytt.

Í þessu verkefni þurfa nemendur að spá í hvað hlutir kosta og auk þess hvött til að skoða valmöguleika og athuga hvað væri ódýrast o.s.frv. t.d. í sambandi við símfyrirtæki o.s.frv. Þessi verkefni hafa virkað vel og nemendum finnst skemmtilegt að vinna þau.

Hefði e.t.v. mátt fara betur í umfjöllun um vexti og svo mætti fara betur í að útskýra skatta og hvernig þjóðfélagið er rekið. Í því sambandi fara inn á siðferðilega umræðu í sambandi við skattsvik.

FÁ hagfræðiáfangar:

Í námsefninu er hluti sem telst til fjármálalæsi og safnast þekkingin upp smátt og smátt í gegnum námið í ýmsum hagfræði- og viðskiptagreinum .

FÁ Fjarnám í lífsleikni 103

Kennslufni: **Fjárinn fjármála- og neytendafræðsla.**

Námsefnið er á rafrænuformi sem inniheldur kennsluhefti, verkefni og bókhaldsforrit ásamt kennsluleiðbeiningum fyrir kennarann og glærum til að notast við kennsluna.

Nemendur unnu með eigin fjármál í bókhaldsforritinu yfir námstímann.

Eftirfarandi þættir voru teknir fyrir úr kennsluheftinu

Bókhaldið mitt

Áætlanagerð ,mánaðarfærslur ,heildartölur ,yfirlit.
Vinnumarkaðurinn, atvinnuleit,umsókn,viðtal,ráðning réttindi,
Vinnulaun, vinnutími,orlof ,launatengd gjöld,tekjuskattur,ráðstöfunartekjur , launaseðill,
lausráðning, fastráðning, fastlaunasamningar, grunnlaun og verktakagreiðslur. Skattframtal

Fjármálin

Gengi gjaldmiðla,gengisvísitala ,gengisbreytingar ,vextir,innlán og sparnaður
sparireikningar,séreignalífeyrir ,áhætta og ávöxtun ,hlutabréf ,gengi hlutabréfa, hlutabréfasjóðir
útlán ,kostnaður við lántöku, skammtímalán, langtímalán,yfirdráttur ,skuldabréf ,skilmálar,
afborganir ,verðtryggð lán ,óverðtryggð lán,gengistryggð lán ,ráð við notkun greiðslukorta ,
Debetkort, Kreditkort, Plúskort,ábyrgðir, vanskil, afleiðingar, upplýsingar til ábyrgðarmanna, veð,
vanskilaskrá, nauðasamningar, gjaldþrot.

Fjárfestingar og kaup

Neytendavernd, neytendakaup, að velja vöru, vöruverð, virðisaukaskattur, vörugjöld og tollar,
verðupplýsingar, óréttmætir viðskiptahættir, auglýsingar.verðbreytingar, virkir neytendur,
samkeppni, neytendur hafa áhrif, vottaðar vörur, kaup á dýrum hlutum, bifreiðakaup, húsnæði,
fasteignakaup, kaup á internetinu, sölumenn.

Tryggingar

Vátrygging, vátryggingarfélag,iðgjöld og tjón, tryggður bak og fyrir.

Menntaskólinn á Akureyri

Þar er fjármálafræðsla sérstaklega tekin fyrir á þemadögum og þar er áherslan lögð á að taka fyrir raunveruleg verkefni sem hæfa aldri og aðstæðum nemendanna sjálfra og reynt að styrkja nemendur til þess að takast á við ábyrgð á eigin lífi og fjármálum.

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Námsefnið Aflatún og Fjárinn notað til halds og traust ásamt verkefnum sem kennarar hafa búið til. Einnig stuðst við vefi bankanna.

Tækniskólinn

Stuðst við bækur eins og Ferð til fjár og heimasíður bankanna. Netíð nýtt eins og alþingisvefurinn og rsk.is . Kennarar búa til verkefni og utanaðkomandi aðilar fengnir í heimsókn frá fjármálafyrirtækjum.

Menntaskólinn við Sund

Kennarar nýta handrit af námsefni fyrir framhaldsskóla sem þeir eru að semja.

Vantar upplýsingar frá:

Lágafellsskóli, Grunnskóli Snæfellsbæjar , Rimaskóli og Flensborgarskólinn hafa ekki sent inn hvað verið er að kenna í fjármálalæsi.

4 LOKAORÐ

Almennt má segja að ekki sé mikill áhugi á fjármálafræðslu í skólakerfinu. Tilraunaverkefnið hefur leitt það í ljós að þörf er á meiri og markvissari kennslu í fjármálalæsi. Þessi þörf skýrist ekki síst af hröðum breytingum í samfélaginu þar sem einstaklingar standa frammi fyrir fjölbreyttum leiðum og tilboðum sem oft á tíðum er erfitt að átta sig á. Til að efla fjármálaþekkingu nemenda og til að þeir verði ábyrgari í fjármálum sínum þarf að festa í sessi fjármálafræðslu á bæði grunn- og framhaldsskólastigi. Skerpa þarf skilin í þessari fræðslu milli skólastiga með það að markmiði að kennslan verði markvissari og nýtist nemendum til framtíðar. Mikilvægt er ef árangur með þessari fræðslu á að nást þarf að setja hæfniviðmið við kennsluna á báðum skólastigum. Til að tryggja að allir nemendur framhaldsskólans njóti fjármálafræðslu er nauðsynlegt að koma á sérstökum skylduáfangi í þessu fagi. Komið hefur í ljós að kennarar eru misvel í stakk búnir til að takast á við kennslu í fjármálalæsi og því nauðsynlegt að efla menntun þeirra í faginu bæði í grunnnámi kennara og með símenntunarnámskeiðum. Mikið námsefni er til fyrir fjármálafræðslu sem nýtist misvel en skýr markmið og hæfniviðmið myndu auka hvatann til námgagnagerðar sem nýttist betur til kennslu.

Viðauki I

Vinnustofa með framhaldsskólakennurum

viðauki I

Spurning 1

Hvað á að kenna í fjármálalæsis kjarna á framhaldsskólastigi

Hugtök

Efnahagslæsi - samhengi efnahags samfélagsins og fjármála heimila
Hagkerfið
Hagvöxtur
Verðbólga
Verðtrygging
Vísitölur
Vextir
Verðbætur
Atvinnuleysi
Bankaviðskipti

Hvað kosta ég

Hvernig hefur efnahagslífið áhrif á rekstur "ég"
Grunnatriði í bókfærslu / heimilisbókhald
Skipulag og yfirsýn fjármála
Fastur kostnaður og breytilegur kostnaður
Útgjöld heimilisins
Rekstur einstaklings - hvað kosta ég
Rekstur ungmenna
Fjárfesting - hvaða leiðir
Rekstur bifreiðar bensín og afskriftir
Fjárhagsáætlunargerð - exel
Húsnæðismál og húsfélög
Bera saman verð og meta verð og gæði

Skattar

Skattar
Skattframtal
Skattskylda
Reikna út VSK

Laun og lífeyrismál

Launaseðill
Launþegi
Verktaki
Launaútreikningar

	Launatengd gjöld Lífeyrissjóðir Séreignasparnaður Launabókhald
Lán	Útlán - helstu tegundir Smálán Fasteignakaup – húsnæðislán Bílalán Lín – námslán Fastir og breytilegir vextir Jafnar afborganir, jafngreiðslulán Nafnvextir og raunvextir Vaxtaútreikningar Vaxtamunur - innláns og útlánvextir Bregðast við fjármálavanda Vanskil Gjaldþrot Leigusamningar Ábyrgðarmaður - hvað þýðir það
Sparnaður	Sparnaður - helstu kostir Séreignasparnaður Innlánsvextir Hlutabréf og skuldabréf
Kort	Greiðslukort - hvað kosta þau og þekkja mun á greiðslukortum Debetkort – kreditkort Kortanotkun
Lögfræði	Skyldur og réttindi í fjármálum Vinnumarkaður Samningsgerð Veð Gjaldþrot
Siðfræði	Siðfræði í viðskiptum Ábyrgð Frelsi Frjáls markaður Fórnfýsi Traust Tilvistarspeki

Vinnustofa með framhaldsskólakennurum

Spurning 2

Hvaða námsefni eða kennsluaðferðir styðja við kennsluna

Aðferðir

Bókfærsla
Exel
Verkefnavinna
Vettvangsheimsóknir
Raunhæf verkefni
Gestafyrirlesarar

Efni

Viðskiptalögfræði
Innnetið
rsk.is
Leiðbeiningabæklingur um VSK
Þjóðhagfræði
Rekstarhagfræði
Ferð til fjár
Auður hagfræði
Hvað kosta ég?
Fjárin
Launþegi / verktaki (Óli Árna)
Verslunarreikningur (Helmut)

Hvað þarf að gera til að bæta fjármálalæsi á Íslandi ?

Starfshópur um fjármálalæsi

Inngangur

Starfshópur menntamálaráðuneytis um fjármálalæsi var skipaður með erindisbréfi 9. júní 2012. Í honum sitja fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, Samtaka fjármálafyrirtækja, Samtaka lífeyrissjóða, Neytendasamtakanna, Kennarasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Námsgagnastofnunar og Heimilis og skóla. Samtök fjármálafyrirtækja hafa metnað fyrir því að fjármálafræðsla verði stóraukin í skólum landsins og styðja fjárhagslega við verkefnið. Markmið starfshópsins er að auka fjármálalæsi yngri kynslóða með markvissri kennslu um fjármál.

Skilgreining á fjármálalæsi¹ er getan til að lesa, greina, stjórna og fjalla um fjármálalega þætti sem hafa áhrif á efnahagslega velferð einstaklingsins. Það felur meðal annars í sér getuna til að greina fjármálavalmöguleika, fjalla um peninga án vandkvæða (eða þrátt fyrir þau), gera framtíðaráætlanir og bregðast við breytingum sem hafa áhrif á fjármál einstaklingsins, þar með talið breytingum á efnahagslífinu í heild. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á fjármálalæsi Íslendinga árið 2011 og samanburður við rannsókn frá 2008² hefur almenn þekking á fjármálum lækkað milli þessara kannana.

Í dag er fjármálalæsi ekki sjálfstæð kennslugrein, en kemur þó við sögu í ýmsum námsgreinum í grunn- og framhaldsskólum og tengist grunnþáttum menntunar. Í aðalnámskrá segir m.a. „Neytendafræðsla og fjármálalæsi eru því mikilvæg forsenda þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð.“ Í skýrslu nefndar um fjármálalæsi á vegum viðskiptaráðuneytis sem gerð var 2008 kemur fram að mikið þótti skorta á að þessu kennsluefni væru gerð góð skil í skólakerfinu. Lausleg athugun staðfestir þetta, en þó eru dæmi um trausta viðleitni í þessa átt. Ýmis ljón eru á vegi, þannig semja t.d. skólar sjálfir sínar námskrár í takti við aðalnámskrá. Fjármálalæsi er ekki hluti af menntun kennara og því þörf á endurmenntun á þessu sviði.

Síðastliðið haust hófst tilraunakennsla fjármálalæsis í sex skólum: Mela- og Hagaskóla í Reykjavík, Hafralækjar- og Litlu-Laugaskólum í Suður-Pingeyjarsýslu, Menntaskólanum á Akureyri og Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Haldið var endurmenntunarnámskeið fyrir kennara úr þessum skólum.

Til að dýpka skilning á viðfangsefninu voru í vor haldnar vinnustofur annars vegar með starfsfólki fjármálafyrirtækja og kennurum og hins vegar með nemendum. Úr vinnustofunum fengust hugmyndir þessara hópa um hver helstu fjármálatengd vandamál fólks eru og hvernig hægt er að bæta kennslu í fjármálalæsi. Niðurstöður vinnustofunnar eru viðfangsefni þessarar skýrslu.

¹ Stofnun um Fjármálalæsi

² Stofnun um fjármálalæsi og sálfræðisviði viðskiptadeildar HR

Starfshópur um fjármálalæsi

Helstu niðurstöður

Draga má þá ályktun að kennslu í fjármálalæsi sé ábótavant. Þrátt fyrir að í aðalnámskrá³ sé kveðið á um að „Neytendafræðsla og fjármálalæsi séu mikilvæg forsenda þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð“ og að fjármálafræðslu sé að einhverju leyti gerð skil gegn um kennslu í hinum ýmsu námsgreinum þá skortir að kveðið sé skýrar að orði um kennslu í fjármálalæsi með heildstæða nálgun viðfangsefnisins þannig að nemendur upplifi að um eiginlega fjármálafræðslu sé að ræða.

Samkvæmt niðurstöðum vinnuhópa þá telja þátttakendur að mikilvægasti einstaki þátturinn í að bæta fjármálalæsi sé að tryggja með námskrá kennslu í fjármálalæsi á öllum skólastigum.

Til að kennsla í fjármálalæsi skili árangri er það niðurstaða vinnuhópa að mikilvægt sé að endurskoða kennsluaðferðir og m.a. að nota gagnvirkar aðferðir við kennslu, efla kennslu sem styrkir gagnrýna hugsun og nota raundæmi úr daglegu lífi nemenda.

Þörf er á heildstæðu námsefni sem er sniðið að þörfum hvers aldurshóps í stað þess að efnið sé að finna dreift fléttað inn í aðrar námsgreinar. Það er gagnlegt upp en gengur ekki nægjanlega langt þar sem nemendur upplifa ekki að þeir fái eiginlega fjármálafræðslu samanber niðurstöður vinnuhópa á þekkingu nemenda.

Til að kennsla í fjármálalæsi nái tilætluðum árangri er síðast en ekki síst mikilvægt að huga að menntun kennara í fjármálalæsi. Annars vegar þarf að ráða í auknum mæli kennara með viðskiptamenntun til að kenna fjármálalæsi og hins vegar að bjóða upp á öfluga endurmenntun til að styðja við kennara á þessu sviði.

³ Námskrá sem var í gildi 2012

Starfshópur um fjármálalæsi

Staðan á fjármálafræðslu í skólum í dag

Í skýrslu nefndar um fjármálalæsi á vegum viðskiptaráðuneytis 2008 kemur fram að nefndarmönnum þótti mikið skorta á að þessu kennsluefni væru gerð góð skil í skólakerfinu. Fjármálalæsi er almennt ekki hluti af menntun kennara.

Fjármálalæsi er ekki sjálfstæð kennslugrein, en kemur þó við sögu í ýmsum námsgreinum í grunn- og framhaldsskólum og tengist grunnþáttum menntunar. Í almennum hluta Aðalnámskrár (2012) segir m.a.: „Framleiðsla og neysla eru órjúfanlegir þættir samfélags og um leið efnahags hvers einstaklings. Skilningur á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi. Neytendafræðsla og fjármálalæsi eru því mikilvæg forsenda þess að geta metið þarfir okkar í nútíð og framtíð.“

Athugun hópsins sýnir að í grunnbókum Námsgagnastofnunar fyrir stærðfræði, lífsleikni og heimilisfræði er vikið að fjármálalæsi með ýmsu móti. Fyrir yngstu börnin eru t.d. eins konar búðarleikir til þess að æfa samlagningu, sérstaklega er fjallað um fjármál unglunga, í lífsleikni er margvísleg siðfræði tengd daglegu lífi, m.a. meðferð fjármuna, sparnaður o.fl. Í heimilisfræði er talsvert mikil neytendafræðsla, þar er vikið að því hvernig megi gera hagstæð innkaup o.fl. Námsgagnastofnun gefur einnig út sérstök vinnuhefti, m.a. eitt sem beinlínis fjallar um fjármálalæsi, Auraráð, og er það uppfært reglulega þannig að dæmi eru beint úr raunheimi unglunga og tengjast hlutum og fyrirbærum sem þau hafa áhuga á. Hér má einnig nefna smásögur og annað efni sem vekja börn og unglunga til umhugsunar um fjármál og það sem rangt og rétt í þeim efnum.

Í framhaldsskólum er fjármálafræðsla einkum í lífsleikni og í hagfræði, en hana læra ekki nándar nærri allir framhaldsskólanemendur. Talsvert er til af efni, bæði bókum og rafrænu efni og á heimasíðu Félags lífsleiknikennara er einnig talsvert efni. Hitt er síðan vandamál, að lífsleiknikennurum er ætlað að fara yfir svo mikið efni, að fræðsla um hvert og eitt verður oft ansi yfirborðskennd.

Þá er þess að geta að fjármálastofnanir hafa gefið út margvíslegt efni, sem ýmist er tengt einstökum fyrirtækjum eða ekki. Þannig er til gott efni fyrir fjármál einstaklinga, fjármál námsmanna og fjármál fjölskyldna. Gott námsefni hefur stundum liðið fyrir það að framsetning þess er tengt nafni einstaks fyrirtækis, en fræðsla af þessu tagi þarf að vera óháð einstökum stofnunum eða fyrirtækjum.

Í skýrslu nefndarinnar um fjármálalæsi á vegum viðskiptaráðuneytis frá 2008 kemur fram að nefndarmönnum þótti mikið skorta á að þessu kennsluefni væru gerð góð skil í skólakerfinu. Lausleg athugun staðfestir þetta, en þó eru dæmi um trausta viðleitni í þessa átt í einstökum skólum. Ýmislegt er verið að gera í þessum efnum, bæði á vegum Stofnunar um fjármálalæsi og á vegum Skólavefjarins.

Starfshópurinn sendi menntamálaráðherra bréf nú í vor til að ítreka mikilvægi fjármálalæsis og athugasemdir við drög að aðalnámskrá grunnskóla í febrúar. Í nýrri aðalnámskrá (2013) er nú skýrari áhersla á fjármál og fjármálalæsi. Ekki er þó gert ráð fyrir því að fjármálalæsi sé kennd sem sérstakt fag heldur sem hluti af námsefni í ⁴öðrum greinum.

⁴ Bréf frá menntamálaráðherra sjá ítarefni.

Starfshópur um fjármálalæsi

Vinnustofa aðferðafræði

Vinnustofur haldnar í Reykjavík og á Akureyri vorið 2013. Þátttakendum var blandað á borð til að ná fram sem flestum sjónarmiðum.

Stjórnandi beindi spurningum til þátttakenda. Þátttakendur skrifuðu hugmyndir á miða fyrst hver fyrir sig en ræddu síðan hugmyndirnar og kusu tvær bestu hugmyndirnar á hverju borði. Því næst kynntu fulltrúar borða tvær bestu hugmyndirnar fyrir öllum þátttakendum. Að lokinni kynningu allra borða tóku allir þátttakendur þátt í að kjósa bestu hugmyndirnar. Þannig fékkst forgangsöröðun hugmynda.

Niðurstöður vinnustofunnar eru listi yfir hugmyndir⁵ sem hafa verið sendar verkefnastjóra og starfshópi sem er ábyrgur fyrir eftirfylgni. Einnig voru niðurstöður senda til allra þátttakenda.

Vinnustofa meðal kennara og bankafólks

Þátttakendur komu frá tilraunaskólum, starfshópi, bönkum, tryggingarfélögum og kortafyrirtækjum. Vinnustofur voru haldnar í Reykjavík og á Akureyri. Markmið vinnustofunnar var að brúa bil milli kennslu í fjármálalæsi og helstu vandamálum sem fólk stendur frammi fyrir í fjármálum.

Spurningar sem notaðar voru í vinnustofunni voru eftirfarandi:

1. Hvaða fjármálatengd vandamál telur þú að séu algengust hjá ungu fólki sem er enn í skóla?
2. Hvaða fjármálatengd vandamál eru algengust hjá fólki sem hefur lokið námi og hefur stofnað heimili?
3. Hverju þarf að breyta/bæta við í kennslu til að minnka þessi vandamál?

Helstu niðurstöður vinnustofunnar voru að stærstu vandamál hjá ungu skólafólki þegar kemur að fjármálum er ójafnvægi milli tekna og útgjalda, skortur á skilningi á skuldsetningu og yfirsýn yfir eigin fjármál.

Þátttakendur í vinnustofunni töldu offjárfestingu í húsnæði og neyslu umfram greiðslugetu vera helsta vandamál ungs fólks sem stofnað hefur heimili auk skorts á fyrirhyggju í fjármálum.

Þegar kom að því að svara spurningum um hvað sé hægt að gera til þess að afstýra ofangreindum vandamálum voru þátttakendur sammála um að tryggja ætti í námskrá kennslu í fjármálalæsi á öllum skólastigum og slíka kennslu þyrfti að hefja snemma á skólagöngu ungmenna. Auk þess voru þátttakendur sammála um mikilvægi þess að efla þyrfti kennslu sem styrkir gagnrýna hugsun, nota raundæmi úr daglegu lífi nemenda og að huga að heildstæðu námsefni og menntun kennari í fjármálalæsi. Sjá nánar í viðauka.

⁵ Sjá ítarefni

Starfshópur um fjármálalæsi

Vinnustofa með nemendum

Vinnustofan var haldin í Reykjavík. Þátttakendur komu úr Hagaskóla, Fjölbrautarskólanum í Ármúla og Menntaskólanum við Sund. Markmið vinnustofunnar var að brúa bil milli kennslu í fjármálalæsi og helstu vandamálum sem fólk stendur frammi fyrir í fjármálum.

Spurningar sem notaðar voru í vinnustofunni voru eftirfarandi:

1. Telur þú að fólk á ykkar aldri hafi mikla eða litla þekkingu á fjármálum almennt
2. Hvaða fjármálatengd vandamál eru algengust hjá ungu fólki? A) grunnskóla B) framhaldsskóla
3. Hverju þarf að breyta/bæta við í kennslu fjármálalæsis til að minnka þessi vandamál?

Helstu niðurstöður vinnustofunnar voru að nemendur telja þekkingu á fjármálum ábótavant og helstu ástæðuna sé að rekja til lítillar fræðslu og þekkingarleysis á fjármálum.

Stærstu fjármálatengd vandamál hjá ungu fólki í grunnskóla og framhaldsskóla má rekja til of mikillar neyslu og peningaleysis. Hjá eldri hópnum eru einnig fjárhagsleg vandamál vegna smálána, yfirdráttar og lána.

Nemendur voru sammála um að til að afstýra ofangreindum vandamálum ætti að gera fjármálalæsi að skyldunámsgrein og innleiða nýjar og spennandi kennsluaðferðir til að kenna fagið meðal annars með því að nota gagnvirk efni. Einnig væri mikilvægt að námsefni væri skemmtilegt og raunverulegt þannig að nemendur tengja við sína tilveru. Sjá viðauka.

Lokaorð

Niðurstöður vinnustofanna eru samhljóma í grófum dráttum. Næstu skref hjá starfshópnum eru að koma niðurstöðum í réttan farveg og þannig vinna að bættri kennslu í fjármálalæsi.

Starfshópur um fjármálalæsi

Hugmyndir úr vinnustofum eftir mikilvægi

Vinnustofa með starfsfólki fjármálafyrirtækja og kennurum

Fjármálatengd vandamál hjá ungu fólki í skóla	Stig
Ójafnvægi milli tekna og eyðslu	25
Lán - vantar skilning á lánum og afleiðingum vanskila.	24
Skortur á yfirsýn eigin fjármála	22
Skilningur á fjármálahugtökum s.s. verðtrygging og vísitala	20
Neysluhyggja í samræmi við gildismat þjóðfélagsins	19
Áhugaleysi um sín eigin fjármál	11
Verðvitund og verðmætamat	10
Láta markaðinn og félagana hafa of mikil áhrif á neyslu sína	8
Gera sér ekki grein fyrir afleiðingum ofneyslu/skuldsetningu	8
Vantar skilning á virði peninga	7
Kaup og rekstur bifreiðar	3
Hvað þarf að vinna marga tíma til að eiga afgang	1

Fjármálatengd vandamál hjá fólki sem hefur stofna heimili	Stig
Fjárfestingar og neysla umfram greiðslugetu t.d. fólk kaupir of dýrt húsnæði	44
Skortur á fyrirhyggju í fjármálum s.s. barneignir, varasjóður v. áföll, starfslok	29
Skortur á að halda bókhald - yfirsýn yfir tekjur og gjöld	27
Skortur á að gera fjárhagsáætlun og setja markmið og framtíðarsýn	24
Vítahringur útgjalda hjá ungu fólki þegar það er að stofna fjölskyldu	9
Ekki hugað að sparnaði	9
Lífeyris og tryggingamál - ekki hugað að	7
Vantar langtímahugsun við lántökur	6
Léleg nýtni t.d. mætvæla og hluta - hent í staðin fyrir að gera við.	5

Hvað er hægt að gera í kennslu fjármálalæsis til að koma í veg fyrir vandamál	Stig
Tryggja í námskrá að fjármálalæsi verði skildunámsgrein á öllum skólastigum	34
Efla kennslu sem styrkir gagnrýna hugsun, sjálfsskoðin og siðfræði	22
Byrja fyrr fræðslu um fjármál	22
Nota raundæmi úr daglegu lífi nemenda	21
Heildstætt námsefni og sérmenntun kennara í fjármálalæsi	12
Kenna nemendum að setja sér markmið í fjármálum og gera áætlanir t.d. um sparnað	11
Láta nemendur fá þjálfun í því að forgangsraða í neyslu	11
Áhersla á bókhald og áætlanagerð	8
Forvarnarkennsla - hugtök á mannamál	6
Samstarf heimila og skóla	5
Að kynna nemendum réttindi þeirra og skyldur í fjármálum og efla virðingu fyrir verðmæt	2
Bæta skilning á framtíðarvirði peninga	2
Gera nemendur læsa á samspil launa, vinnu og útborgunar	2

Starfshópur um fjármálalæsi

Vinnustofa með starfsfólki fjármálafyrirtækja og kennurum á Akureyri

Fjármálatengd vandamál hjá ungu fólki í skóla	Stig
Ójafnvægi milli tekna og eyðslu	25
Lán - vantar skilning á lánum og afleiðingum vanskila.	24
Skortur á yfirsýn eigin fjármála	22
Skilningur á fjármálahugtökum s.s. verðtrygging og vísitala	20
Neysluhyggja í samræmi við gildismat þjóðfélagsins	19
Áhugaleysi um sín eigin fjármál	11
Verðvitund og verðmætamat	10
Láta markaðinn og félagana hafa of mikil áhrif á neyslu sína	8
Gera sér ekki grein fyrir afleiðingum ofneyslu/skuldsetningu	8
Vantar skilning á virði peninga	7
Kaup og rekstur bifreiðar	3
Hvað þarf að vinna marga tíma til að eiga afgang	1

Fjármálatengd vandamál hjá fólki sem hefur stofna heimili	Stig
Fjárfestingar og neysla umfram greiðslugetu t.d. fólk kaupir of dýrt húsnæði	44
Skortur á fyrirhyggju í fjármálum s.s. barneignir, varasjóður v. áföll, starfslok	29
Skortur á að halda bókhald - yfirsýn yfir tekjur og gjöld	27
Skortur á að gera fjárhagsáætlun og setja markmið og framtíðarsýn	24
Vítahringur útgjalda hjá ungu fólki þegar það er að stofna fjölskyldu	9
Ekki hugað að sparnaði	9
Lífeyris og tryggingamál - ekki hugað að	7
Vantar langtímahugsun við lántökur	6
Léleg nýtni t.d. mætvæla og hluta - hent í staðin fyrir að gera við.	5

Hvað er hægt að gera í kennslu fjármálalæsis til að koma í veg fyrir vandamál	Stig
Tryggja í námskrá að fjármálalæsi verði skildunámsgrein á öllum skólastigum	34
Efla kennslu sem styrkir gagnrýna hugsun, sjálfsskoðin og siðfræði	22
Byrja fyrr fræðslu um fjármál	22
Nota raundæmi úr daglegu lífi nemenda	21
Heildstætt námsefni og sérmenntun kennara í fjármálalæsi	12
Kenna nemendum að setja sér markmið í fjármálum og gera áætlanir t.d. um sparnað	11
Láta nemendur fá þjálfun í því að forgangsraða í neyslu	11
Áhersla á bókhald og áætlanagerð	8
Forvarnarkennsla - hugtök á mannamál	6
Samstarf heimila og skóla	5
Að kynna nemendum réttindi þeirra og skyldur í fjármálum og efla virðingu fyrir verðmæl	2
Bæta skilning á framtíðarvirði peninga	2
Gera nemendur læsa á samspil launa, vinnu og útborgunar	2

Vinnustofa með nemendum Hagaskóla, FÁ og MS

Teljið þið að fólk á ykkar aldri hafi mikla eða litla þekkingu á fjármálum almennt? Stig

Lítill fræðsla/ lítill kennsla	55
Þekkingarleysi	40
Neyslubrjálæði (verða að eignast hluti)	37
Reynsluleysi	15
Val í skólum ekki skylda	9
Flókin fjármálahugtök	9
Áhugaleysi	32

Hvaða fjármálatengd vandamál eru algengust hjá ungu fólki í grunnskóla? Stig

Ofneysla	14
Peningaleysi	12
Krakkar fá mjög mikið upp í hendurnar	11
Atvinnuleysi hjá ungum krökkum	10
Kort og það sem þeim fylgir	7
Fólk vill eignast allt eyðsla umfram tekjur	7
Ekki nægur sparnaður	0

Hvaða fjármálatengd vandamál eru algengust hjá ungu fólki í framhaldsskóla? Stig

Peningaleysi / atvinnuleysi / tekjuleysi	32
Sparnaður of lítill / of mikil neysla	28
Ofneysla	26
Smálán, yfirdráttur og lán	26
Samgöngur – dýrt að reka bíl	6
Kort - eyðum of miklu	6

Hvað er hægt að gera í kennslu fjármálalæsis til að koma í veg fyrir vandamál Stig

Gera að skyldunámsgrein	39
Nýjar og spennandi kennsluaðferðir m.a. gagnvirkt nám	39
Skemmtilegt og raunverulegt námsefni sem nemendur tengja við	26
Fjármálakennsla partur af aðalnámskrá	25
Kenna fjármálahugtök	20
Kenna um vandamál tengd fjármálum	13
Kenna að fara með peninga og spara	13
Kenna um sparnað og hvetja til að spara fyrir hlutum	9
Móta heilbrigt viðhorf til peninga hjá ungu fólki	6

Starfshópur um fjármálalæsi

Ítarefni:

1. Bréf frá menntamálaráðherra.
2. Vinnustofa kennara og starfsfólks fjármálafyrirtækja – allir miðar
3. Vinnustofa nemenda – allir miðar

Starfshópur um fjármálalæsi

Bréf frá menntamálaráðherra



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068
postur@mnrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Sölvi Sveinsson
Landakotsskóli
Túngötu 15
101 Reykjavík

Reykjavík 24. apríl 2013
Tilv.: MMR11020234/2.3.19-

Efni: Aukin áhersla á fjármálalæsi.


Vísað er til bréfs stýrihóps um fjármálalæsi frá 15. febrúar 2013, þar sem ítrekað er mikilvægi fjármálalæsis og athugasemdir við þáverandi drög um greinasvið aðalnámskrá grunnskóla.

Ráðuneytið gaf út í mars síðastliðnum Aðalnámskrá grunnskóla almennan hluta 2011 og greinasvið 2013. Frá því að drögin sem hópurinn gerði athugasemdir við hefur vinnuferlið verið eftirfarandi:

Drögin voru unninn af hópi sérfræðinga veturinn 2011-12 og sett út á netið til umsagnar sumarið 2012. Athugasemdir m.a. frá stýrihópi um fjármálalæsi voru yfirfarnar af viðkomandi sérfræðingahópi og drögin löguð með tilliti til athugasemda bæði frá umsagnaraðilum og ráðuneytinu. Frá því í nóvember 2012 voru drögin í vinnslu hjá ritnefnd sem skipuð var sérfræðingum ráðuneytisins auk Ólafs Helga Jóhannssonar frá menntavísindasviði Háskóla Íslands. Í þeirri vinnu var m.a. sérstaklega farið yfir greinasviðskaflana með hliðsjón af athugasemdum stýrihóps um fjármálalæsi.

Í nýrri aðalnámskrá er nú skýrari áhersla á fjármál og fjármálalæsi. Í köflum um heimilisfræði, samfélagsfræði og stærðfræði má sjá umfjöllun sem tengist fjármálum og fjármálalæsi. Hugtakið fjármál kemur fram í hæfniviðmiðum í samfélagsfræði og stærðfræði og tilvísun í útgjöld við rekstur heimila er í hæfniviðmiðum um heimilisfræði. Þannig hefur ráðuneytið tekið tillit til athugasemda hópsins. Vinsamlega upplýsið þá sem málið varðar um innihald þessa bréfs.


Katrín Jakobsdóttir


Arnór Guðmundsson

Starfshópur um fjármálalæsi

Vinnustofa með kennurum og starfsfólki fjármálafyrirtæka – allir miðar

Vinnustofa með kennurum og starfsfólki fjármálafyrirtæka í Reykjavík

Spurning 1	Fjármálatengd vandamál hjá ungu fólki í skóla
Gildismat og menning	Neysluhyggja í samræmi við gildismat þjóðfélagsins Áhugaleysi um sín eigin fjármál Láta markaðinn og félagana hafa of mikil áhrif á neyslu sína Samfélagslegur þrýstingur Skortur á ábyrgð Spá lítið í hvað hlutir kosta t.d. úlpur, símar, hjól Ábyrgðaleysi og hugsunarleysi Hugsa ekki fram í tímann
Fjármálaóreiða	Eyða meira en afla - ójafnvægi milli tekna og eyðslu Ætla sér um of í fjárfestingum Mættu fylgjast betur á stöðu á reikningum Fylgjast ekki með útgjöldum Kunna ekki að láta peninga duga
Lán	Lán - vantar skilning á lánum og afleiðingum vanskila. Gera sér ekki grein fyrir afleiðingum ofneyslu/skuldsetningu Gera sér ekki grein fyrir hvernig þau ætla að endurgreiða lán Eiga það til að redda sér með yfirdrættir eða smálánum Of auðveldur aðgangur að lánsfé - smálán Átta sig ekki á að vanskil hafa afleiðingar
Sparnaður	Gera ekki áætlanir um sparnað Mættu hug betur að sparnaði Spara ekki fyrir því sem nauðsynlegt er að nota peninginn í Spara ekki fyrir hlutunum Hvernig á að safna fyrir "draumum" sínum
Þekking - vantar	Skilningur á fjármálahugtökum s.s. verðtrygging og vísitala Skortur á yfirsýn eigin fjármála Verðvitund og verðmætamat Vantar skilning á virði peninga Kaup og rekstur bifreiðar Hvað þarf að vinna marga tíma til að eiga afgang Hvað er lán - hvernig á að meta lánamöguleika Hvað kostar að kaupa síma og borga símreikninga Hver er raunverulegur kostnaður við að framfleyta sér Hvað kostar sjoppufæði Vanþekking á fjármálagerningum -t.d. smálánum Hafa ekki næga fjármálaþekkingu Þekkja ekki muninn á peningum og kreditkortum Vantar markvissa kennslu í grunnskólum á fjármálalæsi Vantar of skilning á verðgildi peninga Hvað þarf að vinna marga tíma til að eiga fyrir Iphone Skilja kostnað við fjármál - færslugjöld, kostnað við lántökur, fit kostnað Skilningur á hvað þýðir að vera fjárráða Hvað kostar að kaupa mat og að reka húsnaði Hugsa í greiðslugetu eingöngu - óháð kostnaði

Starfshópur um fjármálalæsi

Vinnustofa með kennurum og starfsfólki fjármálafyrirtæka í Reykjavík

Spurning 2	Fjármálatengd vandamál hjá fólki yfir 25 sem hefur stofnað heimili
Gildismat og menning	Ofneysla vegna lífsgæðakapphlaups Slæmar fyrirmyndir Viðhalda lífstíl án tillits til tekna Neysluhyggja Vilja eignast allt strax Gildi stuðla að skuldsetningu fremur en sparnaði Ábyrgðaleysi í fjármálum Áhugaleysi - þetta reddast
Fjármálaóreiða	Yfirsýn skortir - vita ekki hvað er verið að eyða miklu og í hvað Eyða um efni fram Skulda of mikið Tekjumissir -vantar fyrirhyggju Hér og nú hugsun - vantar fyrirhyggju Fjárfesta umfram getu t.d. of dýrt húsnæði Áhyggjur af fjármálum barna sinna Of mikil skuldsetning Of há greiðslubyrði sem hlutfall af tekjum
Lán	Fá ekki námslán vegna vanskila á lánum / kreditkortum Smálán þarf að borga til baka Finnst þau ekki þurfa að greiða skuld sem komin er í áframhaldandi innheimtu - t.d. kröfuvakt Motus Of auðvelt að fá lán Gera sér ekki grein fyrir hvað þýðir að lenda á vanskilaskrá Finnst þau eiga yfirdrátt eða heimild á korti Vita ekki hvað kostar að skulda - vextir lántökugjöld Hvað kostar að borga af húsnæðislánum eða námslánum Lánshlutfall við íbúðakaup Of hátt hlutfall skammtímaskulda - áhrif á greiðslugetu Hátt veðsetningarhlutfall Vantar langtímahugsun - t.d. hvað getur breyst í framtíð
Sparnaður	Fólk sem veit ekki hvað sparnaður er Fólk gerir ekki ráð fyrir að það þurfi að eiga varasjóð til að mæta óvæntum útgjöldum Fólk kann ekki að spara fyrir hlutunum
Þekking - vantar	Halda ekki bókhald Vita ekki hvað kostar að reka bíl Skortur á þekkingu á hugtökum Bíla kaup / húsnæðis kaup - hvað kostar heildarþakinn og rekstur Hvað kostar að reka heimili - allt þetta litla s.s. rafmagn, hiti o.fl.. Lántaka og kostnaður sem því fylgir aukalega t.d. stimpilgjöld, lántökugjöld, verðtrygging, óverðtryggð lár Gera sér ekki grein fyrir hvernig greiðsludreifing virkar Léleg nýtni - sóun Áætlanagerð, Vantar að skipuleggja framtíðina Yfirdráttur og greiða niður yfirdrátt Hvað kostar að standa undir kostnaði við tónlistarnám, leikskóla, skólagjöld, tómstundir Líftímakúrfa - kostnaður vegna lána á sama tíma og stofnun fjölskyldu Hvernig náum við endum saman Hver er raunverulegur framfærslukostnaður okkar Verðtrygging og verðbólga Eigið fé - og mikilvægi þess við fjárfestingar Vextir, vaxtaþrósent, stýrivextir, breytilegir vextir Borga margfalt fyrir neysluna með skyndilausnum
Lífeyrismál	Lífeyrismál - skortur á skilningi og fyrirhyggju Fólk ekki búið að undirbúa starfslok og mögulega tekjuskerðingu Lífeyrissparnaður - fræðsla
Tryggingar	Er fólk vantryggt eða oftryggt Skilningur á tryggingarmálum Skortur á yfirsýn yfir tryggingar og stöðu almennt

Starfshópur um fjármálalæsi

Vinnustofa með kennurum og starfsfólki fjármálafyrirtæka í Reykjavík

Spurning 3 Hvað er hægt að gera í kennslu fjármálalæsis til að koma í veg fyrir vandamál

Almenningur Þjóðaráttak í sjálfbærri hugsun og sjálfbærum lífsstíl

Þjóða almenningi upp á námskeið í að hafa stjórn á eigin fjármálum sbr. viltu hætta að reykja

Námsefni

Útbúa gott námsefni til að nota á hverju skólastigi - byggja ofan á fyrri þekkingu

Ekki fela fjármálafræslu inni í lífsleikni áfanga þar sem fer eftir hentisemi kennara hvað er tekið fyrir

Tryggja í námskrá að allir nemendur fái fræðslu um fjármál

Kenna fjármálalæsi sem námsgrein

Kennsla í fjármálalæsi fylgi nemendum frá upphafi til loka skólagöngu

Áhersla á fyrirmyndir í fjármálum - fjárhagslegt uppeldi á heimilum

Tengja birtingarmyndir vandamála fyrr inn í námið

Foreldrar verða að að vera ábyrgir

Byrja fyrr því betra

Tryggja með námskrá að allir nemendur (skylduáfangi) fái fræðslu um fjármál og efnahagskerfið - efnahagslæsi

Hver aldurshópur fái fræðslu í samræmi við þroska og áhugasvið

Efla kennslu sem skerpir á gagnrýnni hugsun

Samþætta umfjöllun um fjármál við sem flestar námsgreinar í grunnskólum og jafnvel í framhaldsskólum

Skapa rými í kennslunni fyrir fjármálalæsi

Gera kennsluefni aðgengilegt og skiljanlegt - tengt raunveruleikanum

Verkefni

Vinna raunveruleg verkefni eins og reka bíl, hvað tryggingar kosta, hvað kostar viðhald bíls, heimsækja verkstæði

Vinna verkefni sem krefst samvinnu við heimilin t.d. hvað kostar að reka heimili

Hvað kostar neysla í viku eða mánuð - neysludagbók

Raundæmi um lán og útborguð laun, framfærslukostnað og hvað mikið er eftir í lok mánaðar

Aukin áhersla á áætlunargerð - tengja raunverulegum dæmum

Taka lán til að átta sig á kostnaði

Hvernig ætlar þú að framfleyta þér þegar starfsævinni lýkur - skoða lífeyrismál

Sýna með skýrum dæmum verðmyndum á vörum og þjónustu

Láta nemendur halda bókhald

Láta nemendur gera fjárhagsáætlanir út frá ákveðnum forsendum

Láta nemendur setja sér markmið í fjármálum

Auka kostnaðarvitund

Hvar ætla ég að vera eftir 20 ár og hvað þarf þá að gerast - hvernig

Auka kostnaðarvitund. Hvað kostar neysla í vinnustundum t.d. ein pizza

Láta nemendur færa rök fyrir því hvað er nauðsynlegt að kaupa / eiga

Láta nemendur gera verðkannanir - leita að ódýrasta verðinu

Raundæmi um að eiga fyrir hlut eða taka lán fyrir sama hlut

Láta nemendur skoða hvað hlutir kosta t.d. sem þau eiga og eru að nota - t.d. föt, símar, skólatösku, úlpur

Umræður um tískuna - hvað kosta fötin sem við erum í - hvað er nauðsynlegt / luxus

Kenna viðbragðsáætlun - ef eitthvað kemur uppá hvernig tökum við á - eitthvað bílar, missa vinnu

Lán

Skoða lánamöguleika og hvaða vextir eru af mismunandi lánnum. Hvað er borgað fyrir lánið þegar upp er staðið

Afleiðingar vanskila. Hvert er ferlið þegar fólk fer í vanskil og hvað kostar það

Vörum ungt fólk við skuldsetningu

Starfshópur um fjármálalæsi

Vinnustofa með nemendum – allir miðar

Vinnustofa með nemendum Hagaskóla, FÁ og MS

Spurning 1	Teljið þið að fólk á ykkar aldri hafi mikla eða litla þekkingu á fjármálum almennt?
Þekking ónóg	Lítið kennt í grunnskólum og fólk byrjar e.t.v. fyrst að læra í framhaldsskólum Lítill fræðsla bæði í skólum og á heimilum um fjármál Krökkum ekki kennt á fjármál Kennsla í skólum er lítill og óspennandi Engin kennsla nema nemendur séu á viðskiptabraut eða hagfræðibraut Ekki lögð áhersla á viðskiptafræði og fjármálalæsi í grunn og menntaskólum. Fjármálalæsi verður að vera sérgrein til að miðla þekkingu almennilega Vantar meiri kennslu á yngri stigum til að ungt fólk kunni að fara með peninga á unglingsárum Lítill áhugi á fjármálum í skólastarfi
Áhugaleysi	Áhugaleysi þar sem ungt fólk þarf ekki að standa á eigin fótum Lítill áhugi og því lítill þekking Lítill áhugi að spara og hugsa til langs tíma Þurfum ekki að hugsa út í fjármál en neyðumst til þess þegar við verðum eldri Krakkar kynna sér ekki fjármál og búa lengi hjá foreldrum í vernduðu umhverfi. Áhugaleysi því ungt fólk hefur almennt litlar áhyggjur af peningum.
Fjármálahugtök	Flókin fjármálahugtök sem erfitt er að skilja Mikið talað um fjármál í fjölmiðlum en ekki margt ungt fólk sem skilur hvað verið er að tala um
Ofneysla	Meiri hluti ungs fólks á snjallsíma sem kosta yfir 100 þús kr. en engin þörf er á - bara "trend" Ungt fólk eyðir peningum í heimskulega hluti eins og emma og gras. Gáfulegra væri að spara Krakkar eyða peningum strax í stað þess að spara og vera dugleg Hjá litlum hópi fara peningar strax í skuldir eða vímuefni Neyslubrjálæðið er mikið og alið upp í okkur. T.d. verður maður að eiga nýjasta og flottasta dótið Um leið og krakkar fá pening þá eyða þau honum í eitthvað misgáfulegt í staðin fyrir að spara Krakkar byrja að vinna ung en spara ekki peninginn heldur eyða í mat og áfengi
Annað	Ágæt þekking þar sem mikil umræða í samfélaginu og áhugi hefur aukist Þeir krakkar sem vinna eru meðvitaðri um fjármál - sumir fylgjast vel með launum en aðrir eyða öllu strax Foreldrar ekki nógu góðir í fjármálum og geta ekki frætt börnin sín - skortur á fyrirmyndum Krakkar fá pening beint í vasann en foreldrar sjáum bankamálin

Starfshópur um fjármálalæsi

Vinnustofa með nemendum Hagaskóla, FÁ og MS

Spurning 2 Hvaða fjármálatengd vandamál eru algengust hjá ungu fólki í skóla ?

Neyslulán of auðvelt að fá lán t.d. yfirdráttur, kreditkort, smálán
Smálán
Taka lán sem erfitt er að greiða af og þau hækka

Neysla Lifað of hátt
Kunna ekki að spara fyrir framtíðina
Kaupa nesti og nammi í staðin fyrir að útbúa nesti
Dýrt að reka bíl - sumir ráða ekki við
Lítill stjórn á fjármálum - eyða of miklu
Óhófleg eyðsla
Neysluvandamál - eyða pening í tilgangslausa hluti
Eyðslusemi er stórt vandamál
Krakkar eyða öllum pening í mat og áfengi og kunna alls ekki að spara, fá bara allt upp í hendurnar
Margir fá allt upp í hendurnar án þess að vinna fyrir því
Djamma mikið og það kostar sitt
Allir vilja eignast allt
Ungt fólk á það til að kaupa hluti sem það hefur ekki efni á

Tekjur litlar Ekki auðvelt að afla tekna
Erfitt að fá vinnu - þá ekki auðvelt að spara heldur
Lítill áhuga á að vinna - vilja vera á vasapeningum og hugsa lítið um sparnað
Margir metnaðarlausir og fá ekki vinnu.

Vinna mikið Krakkar í framhaldsskóla vinna mikið með skóla það bitnar á skólanum en fólk hefur meira til að eyða
Erfitt að samræma vinnu og skóla.
Nemendur í framhaldsskóla oft komið á bíl og með skuldbindingar sem þarf að borga af

Þekking Skortur á fræðslu
Skortur á reynslu
Lítill þekking á fjármálaheiminum. Sérstaklega bankakerfinu

Kort Kort mikið til staðar og einungis er lagt inn á kort en ekki spáð í upphæðina eða að spara

Annað Þurfa að borga æfingaakstur

Starfshópur um fjármálalæsi

Vinnustofa með nemendum Hagaskóla, FÁ og MS

Spurning 3	Hvað er hægt að gera í kennslu fjármálalæsis til að koma í veg fyrir vandamál
Námskrá	Fjármálafræðsla verði partur af aðalnámskrá grunnskóla Skyldufræðsla um fjármál Hafa skylduáfanga um fjármál Meiri áhersla á mikilvægi fjármálalæsis Byrja snemma að kenna um fjármál
Kennsla	Hafa betri og skemmtilegri kennslu svo nemendur öðlist færni og áhuga á fjármálum
kennsluaðferðir	Ekki getir hver sem er kennt fjármálalæsi heldur þurfi hæfni s.s. viðskiptafræðingar, hagfræðingar Gera námið áhugaverðara, meira spennandi og skemmtilegra Vantar meiri kennslu um fjármál Vantar einhvern sem ungt fólk tekur mark á til að segja ungu fólki að lifa ekki í draumaheimi Kennsla með gervipeninga Gera námsefni aðgengilegt Kenna um fjármál inni í öðrum fögum og e.t.v. byggja upp þannig fólk fái smá saman meiri áhuga Koma betur inn í stærðfræði Hafa meira verklegt Láta nemendur prófa og rannsaka sjálfir þeirra eigin sparnað og neyslu í staðin fyrir að lesa bara um það Hvetja til tilrauna á nýju neyslumunstri t.d. taka nesti í skólann í ákveðinn tíma og leggja fyrir peninginn
Námsefni	Kenna um sparnað, sparnaðarleiðir Kenna helstu fjármálahugtökin kynna starfsemi banka Kenna um lán og vexti Kenna hvernig maður á að ráðstafa fjármálum sínum og taka ákvarðanir í samræmi Nota verkefni sem einblína á eyðslu einstaklinga, fjármálahugtök og almennt um fjármál Minna nemendur á hrúðið Kenna nemendum hvernig gengismunum virkar Kenna fólki sanngildi peninga og hvernig sparnaður næst Hvað kostar að kaupa íbúð Kenna bókfærslu Kenna um laun Hafa námsefni tengt raunveruleika nemenda á hverju aldurstigi Hafa vettvangsheimsóknir hluta af námi í fjármálum - t.d. heimsækja fyrirtæki Kenna áætlanagerð - fyrir framtíðina Fræða um verðbréf Kenna um starfsemi bankanna og hlutverk. Hvað gerist þegar þú leggur inn pening Hver eru helstu vandamálín í atvinnulífinu tengd efnahagsmálum Kenna krökkum að fara með peninga Vantar ítarlegri kennslubækur Kenna meira um fjármál í heild t.d. neytendamál til að verða meðvitaðri neytendur.

Stýrihópur um fjármálalæsi

– vinnufundur með kennurum 9. janúar 2014 í F.Á.

Fundurinn hófst kl. 14.30. SS setti fundinn, en síðan hélt Petra Bragadóttir kennari í F.Á. stutt erindi um fjármálalæsi og að því loknu var hópnum raðað á þrjú borð þar sem fulltrúar úr stýrihópnum stýrðu umræðum um tiltekin álitamál og önnuðust ritarastörf. Þátttakendur voru sem hér segir auk stýrihópsins: Petra Bragadóttir, Kolbrún Marelsdóttir Fjölbautaskóla Suðurnesja, Sigmar Þormar Menntaskólanum Sund, Guðrún Aldís Jóhannsdóttir Tækniskólanum, Ingvar Freyr Ingvarsson Menntaskólanum við Sund, Brynja Margeirsdóttir Tækniskólanum, Margrét Ásgeirsdóttir Melaskóla, Erna Jóhannsdóttir F.Á., Ragna Eiríksdóttir F.Á., Anna Guðmundsdóttir Melaskóla, Steinhildur Hildimundardóttir Flensborg. Það voru þeim sem þetta ritar nokkur vonbrigði hvað fáir mættu úr Reykjavíkur grunnskólunum, sem taka þátt í verkefninu.

Ritarar voru Mjöll, Sigurður Albert og Þuríður. Eftirfarandi plagg er tekið saman úr fundargerðum þeirra. Tekin var sú stefna að hafa greinargerðina almenna þótt fulltrúar einstakra skóla hafi sagt frá sinni reynslu. Fram kom að tilraunaverkefni í fjármálafræðslu væri eiginlega rangnefni. Frekar hefði átt að tala um átaksverkefni. Það hefur þvælst fyrir að ekkert ákveðið efni lá fyrir. Á það var bent að á fundinum væru ekki staddir lífsleiknikennarar utan einn vegna þess að skilgreiningin á greininni er óljós en þeir hefðu þurft að taka þátt í verkefninu í meira mæli.

Spurning1: Hvaða kennsluefni er notað, helstu kostir þess og gallar?

Grunnskóli:

Eigin samantektir kennara, efni frá Námsgagnastofnun s.s. Geisli og þemahefti, viðfangsefni eins og : Hvað kosta ég? Heimilishald – úr Geisla. Afmælisveisla – úr Geisla. Ferð til fjár, en hún getur reynst of erfið fyrir aldurshópinn, einkum þá sem eiga við námsörðugleika að etja. Nefna má þemaheftið Auraráð og kennsluhugmyndir með kennslupeningum. Hlutverkaleikir henta vel til þess að koma þessari fræðslu til nemenda. Gögn eru sótt á netið, t.d. alþingisvefinn (lagasafnið) til að skoða sjálfræði og fjárræði, skattamál hjá RSk. Einnig búa kennarar til verkefni. Heppilegt er að nota vefinn því tölur breytast títt og prentað form úreldest fljótt. Vefurinn rikiskassinn.is er áhugaverður, sýnir nemendum hvað hlutir í þjóðfélaginu kosta. Almennt séð þarf að kenna nemendum á lífið, kenna þeim að spara en hollensk rannsókn sýnir að þeir sem byrja að spara á unga aldri, þótt í litlu sé, kunni mest um fjármál þegar fram í sækir.

Á yngra stigi grunnskóla er m.a. notað námsefni í stærðfræði. Börnin læra að þekkja peninga og reikna hvað þau fá fyrir peningana og fara í búðaleik; þannig læra þau líka uppbyggingu talnakerfisins. Verkefni eru búin til úr sögubókum t.d. dæmisögum Esóps (hagamús, húsamús) og ýmsar greinar fléttast þar inn, náttúrufræði, stærðfræði, siðfræði og fjármálalæsi. Ýmsar heimspekilegar vangaveltur koma fram um t.d. verðmætamat. Spurningin: skapa peningar hamingju fær margvísleg svör.

Gallar: Of mikið byggt á færni kennara hvað er kennt. Siðfræðivinkill þarf að vera með – t.d. hvað má afmælið kosta? Mikill munur á skipulagi afmælis hjá krökkum ef þau fá bara tiltekna upphæð til að halda afmæli og eiga sjálf að skipuleggja innan þess ramma. Þá kemur upp raunsæi og sparsemi sem síður er til staðar í skipulagi á „draumaveislunni“.

Framhaldsskóli:

Hefti frá Breka Karlssyni – nota einkum verkefni úr henni. Bókin þú átt nóg af peningum. Myndin Wall street með Charlie Sheen notuð sem kveikja að umræðum og með bæði undanfara og úrvinnslu. Efni af You tube s.s. video af TED. Sigmar og Ingvar eru að vinna að gerð efnis fyrir kennslu í fjármálalæsi

Viðauki III

sem ætluð er fyrir framhaldsskóla og þeir sýndu handrit að köflum. Siðfræði fær þar sitt rými að sögn þeirra.

Athyglisvert er að á fornámsbraut/framhaldsskólabraut er kennt sértakt námskeið í fjármálalæsi, þar er t.d. notað efni Breka, Ferð til fjár og nýtt efni „Auður“ (fékkst frá höfund).

Ekki virðist vera pláss fyrir þetta námskeið á hefðbundnum brautum þótt nemendur þar búi ekki sérstaklega yfir fjármálafærni og skýtur það skökku við. Ýmis myndbönd virka vel á nemendur; rafrænt námsefni virðist höfða til unglinga í framhaldsskóla. Fulltrúar stofnana og fyrirtækja koma í heimsókn og farnar eru vettvangsferðir.

Kennslubók í lífsleikni – efni þar. Efni á vef Arionbanka og Íslandsbanka tengt fjármálafræðslu. Fulltrúar verkalýðsfélaga fara í gegnum launaseðla. Dæmi eru um að nemendur hafi farið á fund hjá banka, fengið veitingar og hlýtt á fyrirlestur Jóns Jónssonar söngvara og fengið þar bókina hans Breka Karlssonar. Fulltrúar annarra banka hafa heimsótt nemendur en unglingar eru tregir til að sækja námskeið sem bankar halda um fjármál á kvöldin.

Erfiðara er en áður að nota ýmisar reiknivélar á vefnum þar sem allt strandar á kennitölum og nemendur geta þá illa skoðað hvernig það er að taka lán og kaupa t.d. hús eða bíl. Góð hugmynd er að búa til „kennitölur“ sem hægt væri að nota í kennslu, nokkurskonar sýnis-einstaklingar! Ávöxtunarleikur er vinsæll. Raunveruleg verkefni ná best í gegn, sem og að fara í vettvangsheimsóknir.

Dæmi um fjármálafræðslu í lífsleikni var lagt fram: Verkefnatímar og útreikningar. Verkefni þar sem fylgst er með ávöxtun í ákveðinn tíma og fjárfestingar/sparnaðarleiðir eru svo endurskoðaðar. Þannig kynnast nemendur ólíkum ávöxtunarleiðum. Nemendur búa til sína vísitölu miðað við eigin neyslu og bera saman við opinbera vísitölu og breytingar á henni. Í ljós hefur komið að þeirra „neysluviðmið“ fylgir nokkuð hinu opinbera.

Nemendur vinna heimilisbókhald og fylgjast með eigin neyslu.

Annað dæmi úr lífsleikni: Útskýrð eru hugtök eins og vextir og verðtrygging með hjálp góðra You tube myndbanda sem eru til á íslensku. Þar er þetta útskýrt í stuttu og skýru máli. Unnin eru hópverkefni sem ganga út á að láta þau gera fjárhagsáætlun fyrir ímyndaðan einstakling og m.a. að rökstyðja/réttlæta í hvað hann eyddi peningunum og þau þurfa að leita að upplýsingum um hvað ýmislegt kostar. Þau útbúa PowerPoint kynningu og leggja niðurstöðurnar fyrir hina í hópnum. Matíð felst í því hvernig þeim tekst að setja upp PowerPoint skjalið og rökstyðja hvernig peningunum var eytt. Í þessu verkefni þurfa nemendur að spá í hvað hlutir kosta og auk þess eru þeir hvattir til að skoða valmöguleika og athuga hvað væri ódýrast o.s.frv. t.d. í sambandi við símfyrirtæki o.s.frv. Þessi verkefni hafa virkað vel og nemendum finnst skemmtilegt að vinna þau. Í þetta fara um það bil 8 kennslustundir – sem hver um sig er klukkustund.

Lífsleikni er kennd í fjarnámi í F.Á. og þar er Fjárinn, fjármála- og neytendafræðsla notuð. Náms efnið er á rafrænu formi sem inniheldur kennsluhefti, verkefni og bókhaldsforrit ásamt kennsluleiðbeiningum fyrir kennarann og glærum til að nota við kennsluna. Eftirtaldir þættir eru til umfjöllunar:

Bókhaldið mitt:

Áætlanagerð, mánaðarfærslur, heildartölur, yfirlit. Nemendur færa bókhald þennan tíma.

Vinnumarkaðurinn:

Atvinnuleit, umsókn, viðtal, ráðning, réttindi, vinnulaun, vinnutími, orlof, launatengd gjöld, tekjuskattur, ráðstöfunartekjur, launaseðill, lausráðning, fastráðning, fastlaunasamningar, grunnlaun og verktakagreiðslur. Skattframtal.

Fjármál:

Gengi gjaldmiðla, gengisvísitala, gengisbreytingar, vextir, innlán og sparnaður, sparireikningar, séreignarlífeyrir, áhætta og ávöxtun, hlutabréf, gengi hlutabréfa, hlutabréfasjóðir, útlán, kostnaður við lántöku, skammtímalán, langtímalán, yfirdráttur, skuldabréf, skilmálar, afborganir, verðtryggð lán, óverðtryggð lán, gengistryggð lán, ráð við notkun greiðslukorta, debetkort, kreditkort, plúskort,

Viðauki III

ábyrgðir, vanskil, afleiðingar, upplýsingar til ábyrgðarmanna, veð, vanskilaskrá, nauðasamningar, gjaldþrot.

Fjárfestingar og kaup:

Neytendavernd, neytendakaup, að velja vöru, vöruverð, virðisaukaskattur, vörugjöld og tollar, verðupplýsingar, óréttmætir viðskiptahættir, auglýsingar, verðbreytingar, virkir neytendur, samkeppni, neytendur hafa áhrif, vottaðar vörur, kaup á dýrum hlutum, bifreiðakaup, húsnæði, fasteignakaup, kaup á internetinu, sölumenn.

Tryggingar:

Vátrygging, vátryggjafélag, iðgjöld og tjón, tryggður í bak og fyrir.

Fram kom að í þeim skólum þar sem er viðskipta- eða hagfræðibraut er mun meiri fjármálafræðsla í kjarna hjá þeim nemendum í greinum eins og verslunarreikningi, bókfærslu, þjóðhagfræði og öðrum hagfræðiaföngum og lögfræði. Fjármálafræðsla gengur þar hægt og sigandi upp allan skólaferilinn.

Form námsefnis

Allir eru sammála um að netið sé besta formið. Tölur og staðreyndir uppfærast á netinu frekar en í bókum. Verkefni úr núinu, ef svo má segja, eru líka vinsæl - kennarar sjálfir búa þau til og sækja líka annað í bækur eða á net. Bókin hans Breka er með ágæt verkefni en þau úreldast hratt. Gott að hafa prentað efni sem grunn, en sækja svo aukaefni annað og nota með. Tengja þarf efni við veruleika sem nemendur þekkja s.s. kostnað við heimili, ballferð, snarlkaup í skólanum o.s.frv.

Mjög mikið er til af efni en skortir á yfirsýn og verið er að grauta í ýmsu á báðum skólastigum. Framhaldsskólakennarar kalla eftir því að til sé ákveðið efni sem kennt sé á vissu stigi. Að efni sem farið er yfir í framhaldsskóla sé ekki líka notað í grunnskólum.

Kallað er eftir gagnvirku efni, efni sem tengist nemendum, raunverulegum dæmum.

Hvaða kennsluaðferðir notaðar, vænlegustu aðferðir, atriði sem nemendur eru áhugasamastir um, atriði sem eru erfiðust?

Verkefnamiðað nám – dæmi fyrir framhaldsskóla: Hvað kostar að reka bíl? Hvað kostar það mig ef ég flyt að heiman og í eigin íbúð? Hvað kostaði dótið í herberginu mínu (fastir hlutir eins og rúm og rúmföt, borð, stóll, gluggatjöld annað en tækjalúxus sem er mjög mismunandi).

Vettvangsferðir og gestafyrirlesari krydda og bæta inn sjónarhornum. Sækja efni á vef – sem hentar inn í kennslu. Nota sparlega en vinna að því og úr því á eftir. Nemendur velja sér efni til að kynna í tíma fyrir samnemendum.

Allir sammála um að eigin fjármál kveiki áhuga nemenda. Nefnd voru dæmi um hvernig hugmyndir um hvernig nemendur gætu sjálfir grætt meiri pening eða sparað glæddu áhuga og umræður. Learning by doing hentar hér afar vel og hvarvetna í fjölmiðlum blasa við úrlausnarefni.

Að sama skapi eru allir sammála um að nemendum finnist fjármálhugtök og flókin efnahagsmál erfiðust; mörg erfið hugtök. Erfiðast er að kenna hugtök sem þau eru ekki að fást við daglega. Nemendur eru hræddir við öll þessi hugtök og hafa lítinn skilning á þeim. Þekkja ekki til lífeyrissjóða og skilja illa t.d. þau hugtök sem að þeim lúta.

Sömu leiðis eiga margir nemendur erfitt með að setja sig í fótspor annarra. Fram kom að munur er á hvort nemendur í framhaldsskóla eru í kjarnagrein eða vali – meiri áhugi í valgrein. Fram kom að fróðlegt er að heimsækja fjármálafyrirtæki með nemendahóp. Einn nemendahópur heimsótti Alþingi þar sem m.a. var rætt um fjárveitingar til skólans.

Á báðum skólastigum virðist henta að leggja ýmiss konar þrautir fyrir nemendur sem þeir eiga síðan að finna lausnir á; lausnaleitarnám virðist líka efla nemendur á ýmsa lund. Dæmisögur eru líka góðar kveikjur að umræðum sem efla skilning nemenda á fjármálum.

Spurning 3: Í hvaða námsgreinum er fjármálalæsi kennt, hversu margar kennslustundir, í hvaða greinum ætti helst að kenna viðfangsefnið?

Viðauki III

Í grunnskólum er algengast að flétta fjármálafræðslu inn í stærðfræði og heimilisfræði, einnig og ekki síst lífsleikni. Það er erfitt að meta fjölda stunda því að kennt er í lotum (þemavinna) og kannski áttundi parturinn af stærðfræðibókinni tengist fjármálum. Neytendafræðslan í heimilisfræði er bráðnauðsynleg og á hana ætti að leggja ríka áherslu.

Sem dæmi um framhaldsskóla má nefna að í Tækniskólanum er efni kennt í lífsleikni sem er kjarnagrein 6 st. á viku í 3 vikur, í MS og Kvennó 6 st. á viku í heila önn. Þá voru nefnd dæmi um að fjármálalæsi væri fléttað saman við tungumál: Nemandi var þá ferðamaður og þurfti að átta sig á ýmsu, gjaldmiðli, ferðakostnaði o.s.frv. Á viðskipta- og hagfræðibrautum kemur fjármálalæsi við sögu í bókfærslu, lögfræði, verslunarreikningi og hagfræði. Þó vantar að hafa þetta markvissara því að fjármálalæsi er ekki sérstaklega skilgreint. Fjölda stunda er erfitt að meta, kennsla er í bútum. Draumastaða í framhaldsskólum væri að skipuleggja fjármálafræðslu sem kjarnagrein í eina önn. Áhugi nemenda á efninu er merkjanlega meiri núna en var fyrir hrun 2008.

Allir sammála um að æskilegt væri að fjármálalæsi væri kennt sem skylduáfangi í framhaldsskóla, en það er ákvörðun sem þarf að taka af menntamálayfirvöldum en ekki leyfa skólum að hafa sjálfðæmi í málinu. Reynsla kennara í framhaldsskólum er að mjög erfitt er að fá hljómgrunn í skólunum til að koma þessu máli að. Menn eru fastheldnir á „gömlu greinarnar“.

Annars voru kennarar sammála um að mjög erfitt sé að setja niður einhvern ákveðinn tímafjölda bæði í grunn- og framhaldsskólum fyrir fjármálafræðslu eins og henni er nú háttað því að henni væri fléttað inn í nokkrar námsgreinar í grunnskóla en væri frekar sérstök námskeið/áfangar í framhaldsskóla.

Spurning 4: Eru tilraunakennarar í samstarfi, hvernig er best að glæða áhuga, er þörf á símenntunarnámskeiði fyrir kennara, hvernig er hægt að efla sameiginlega facebook síðu?

Kennara í grunnskóla vantar meiri þjálfun; almenn fjármálafræðsla er ekki hluti af kennaranámi. Þá þarf aukið samstarf innan skóla og milli skóla. Gott samstarf er milli kennara innan einstakra skóla, en það er tilviljanakennt. Almennt tíðkast þó góð samvinna milli kennara sem kenna sömu grein. Í litlum skólum og á litlum námsbrautum í stórum skólum eru þó margir einyrkjar. Síðan er óljóst t.d. hvaða samræmi er í kennslunni þar sem margir kenna sömu grein og fara áhersluatriðin þá gjarnan eftir því hvað kennarinn kann, eins og eðlilegt er. Mikil þörf er fyrir námskeið, bæði fyrir framhaldsskóla og grunnskóla. Brýn þörf er fyrir endurmenntun á þessu sviði. Sú hugmynd var viðruð að viðskipta og hagfræðikennurum í framhaldsskólum væri falið að bjóða góð námskeið fyrir kennara í grunnskólum. Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum eru með samstarf sín á milli og hafa síðu á facebook.

Umræða um hæfniviðmið í fjármálalæsi við lok grunnskóla

Eðlilegt er að hafa heildstæð hæfniviðmið á hverju stigi – frá grunnskóla og upp úr. Hafa með í umræðunni að samfélagið er markaðsþjóðfélag og um það gilda ákveðin lögmál s.s. um kaup og sölu á markaði. Menn töldu að þarna eru innan um hugtök sem ættu frekar heima á framhaldsskólstigi.

Full bratt er að nemandi sem kemur úr grunnskóla viti hvað felst í sumum hugtökum á listanum s.s. verðtrygging, verðbólga, fjárfestingar lífeyrissjóðanna, hvernig tíminn hefur áhrif á upphæð lífeyris. Þessir þættir eigi frekar að tilheyra framhaldsskólanum

Hagnýtt væri að útbúa hæfniviðmiðalista sem raðast fram að 18 ára aldri nemandans og að kennarar geti gengið að því vísu á hverju stigi að búið sé að vinna þau stig sem eru á undan.

Launaseðill og skattkort henta vel fyrir grunnskóla, innlán, útlán og vextir, jafnvel verðbólga að hluta til og skattamál, einnig auglýsingalæsi. Lífeyrismál eiga fremur heima í framhaldsskóla.

SSv

Áfangi

Skylduáfangi í framhaldsskóla

Fjármála- og Efnahagslæsi

Markmið

- Nemandi- skilji samhengið milli þjóðarhags og einkaneyslu
- Skilji mikilvægi þess að hafa yfirsýn yfir eigin fjármál og geti sett upp fjárhagsáætlun og fært bókhald yfir fjármál sín
- Þekkji helstu kosti innlána- og útlána og mismundandi tegundir greiðslukorta-
- Þekki mismunandi gerðir lánasaminga- heildarkostnað lána og áhrifaþátta eins og stýrivexti, gengi og verðbólgu-
- Þekki lífeyrismál, mun á sameignar- og séreignasparnaði og átti sig á hvað tíminn skiptir miklu máli í sparnaði
- Geti áttað sig á helstu kostum í húsnæðismálum
- Átti sig á mikilvægi virkar samkeppni á markaði, verðvitundar og geta gert samanburð á verði og gæðum á vörum og þjónustu
- Þekkja hvaða úrræði standa til boða við fjárhagsvanda og afleiðingar
- Eiga að þekkja réttindi sín og skylur sem neytendur og læra að leita upplýsinga þegar þeir ná ekki yfirsýn yfir vandamálin
- Þekkja mikilvægustu reglur um samkipti atvinnulífs og neytenda

Efnisatriði:

- Fjárhagsáætlun og bókhald yfir eigin fjármál-reikningshald
- Vasapeningar
- Helstu fjármögnunarmöguleikar
- Helstu fjármálahugtök
- Verð á vörum og þjónustu
- Verðsamanburður
- Sparnaður
- Einkabíll og almenningssamgöngur
- Hvað kostar að eiga börn
- Lán- greiðslufrestur-gjalda- og vaxtaútreikningur
- Laun
- Skattur
- Lög og reglur um kaup
- Greiðslukort

Viðauki IV

- lánsúmsókn og lánasamninga, endurnýjun og eða breyting á láni, greiðsluábyrgð, ábyrgð greiðsluaðlögun
- gjaldmiðlar
- Tryggingar
- Skuldabréf og hlutabréf
- Kaupalög
- Lög um húsgöngu- og fjarsölu
- Samkeppnislög
- Lög um neytendalán
- Samningar-viðgerðir og önnur þjónusta- ábyrgðarskírteini- kvartanir og kvörtunarmöguleikar

Skýrsla um könnun í fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskólum

Grunnniðurstöðurnar gefa ástæðu til að skoða ítarlegar þætti á borð við búsetu og áhrif námsárangurs, menntun foreldra, sem samkvæmt öðrum rannsóknum hefur áhrif á fjármálalæsi nemenda. Þá er þarft að rannsaka betur samhengi hegðunar í fjármálum og annars vegar þekkingar á fjármálum og hins vegar viðhorfa sem og að gera ítarlega greiningu á þeim hópum sem helst þurfa á frekari fjármálafræðslu að halda.

Niðurstöðurnar gefa ennfremur til kynna að þörf sé á fjármálalæsiskenndu. Bæði nemendur og kennarar kalla eftir frekari fræðslu.

Tillaga að næstu skrefum í röð mikilvægis

1. Frekari rannsókn og greining gagna úr þessari könnun með það fyrir augum að finna spágildi um það sem hefur áhrif á fjármálalæsi.
2. Samanburður þessarar rannsóknar við niðurstöður fjármálalæsishluta PISA rannsóknarinnar.
3. Greina þarf betur hvaða þættir eru árangursríkastir í efningu fjármálalæsis og leggja áherslu á þá, sérstaklega með tilliti til áhuga nemenda og kennara á frekari fjármálalæsiskenndu.
4. Þátttaka í fjármálalæsishluta næstu PISA rannsóknarinnar til að fá glögga mynd og góðan samanburð við fjölda annarra þjóða.